

Alþingi
Erindi nr. P 139/269
komudagur 17.11.2010

SFF
SAMTÖKEFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Félags- og tryggingamálanefnd
Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga: Framfærslulán námsmanna.

Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga er gert ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins að orðalagi g-liðar 1. mgr. 3. gr laganna verði breytt í þá veru að greiðsluaðlögun taki ekki til krafna Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána. Í skýringum með ákvæðinu segir meðal annars að ákvæðinu sé einungis ætlað að gilda um kröfur LÍN vegna námslána en ekki aðrar skuldir tengdar töku námslána, svo sem yfirdrátt í viðskiptabanka o.fl.

SFF vill koma eftirfarandi á framfæri vegna þessa.

Lánveitendur hafa boðið námsmönnum lán í formi yfirdráttar vegna framfærslu á góðum kjörum sem greiddur hefur verið upp í lok námsannar af LÍN á grundvelli lánsloforðs, hafi námsmaður uppfyllt skilyrði um námsframvindu. Þessi fyrirgreiðsla banka og sparisjóða er í flestum tilfellum forsenda fyrir því að námsmenn geti stundað nám eftir að það fyrirkomulag var afnumið að LÍN greiddi mánaðarlega framfærslulán til námsmanna.

Með tilkomu laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er ljóst að forsendur fyrir slíkri lánveitingu til námsmanna eru brostnar þar sem gert er ráð fyrir að endurgreiðslur frá LÍN í lok námsannar ráðstafist ekki að fullu til lánveitenda á grundvelli svokallaðs lánsloforðs, eða að slík yfirdráttarlán lánveitenda vegna framfærslu námsmanna hafi sérstöðu hvort sem þau eru veitt fyrir upphaf greiðsluaðlögunar eða síðar.

Til að sýna fram á dæmi þá leggur námsmaður inn umsókn um greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara um miðjan desember og upphafst þá greiðslufrestur samkvæmt 11. gr. laganna. Viðskiptabankinn hefur veitt námsmanninum yfirdrátt frá því í upphafi skólaárs á grundvelli lánsloforðs LÍN en fær ekkert upp í kröfuna þar sem kröfur sem stofnast fyrir frestdag fara inn í fyrirhugaðan greiðsluaðlögunarsamning. LÍN greiðir námsmanninum að fullu á grundvelli skilyrða um námsframvindu en viðskiptabankinn sem veitti fyrirgreiðslu á grundvelli þess lánsloforðs fær ekkert inn á sína kröfu.

Þessi tilhögun leiðir líklega til þess að lánveitendur verði tregir til að veita fyrirgreiðslu til þessa hóps þar sem fyrirséð er að kröfur tapist með þessum hætti.

Til þess að tryggja hagsmuni námsmanna leggja SFF til að lögin kveði á um að sé *umsækjandi um greiðsluaðlögun námsmaður og hafi fengið fyrirgreiðslu vegna framfærslu hjá viðskiptabanka á grundvelli væntanlegs láns frá LÍN, skuli slík fyrirgreiðsla hafa sömu stöðu við greiðsluaðlögun og lán*

frá LÍN, enda hafi samhliða verið samið um að lánið skuli ráðstafast að fullu til uppgjörs á fyrirgreiðslu viðskiptabankans.

Ef umsækjandi fullnægir ekki skilyrðum LÍN um framvindu náms, skuli farið með fyrirgreiðslu viðskiptabanka sem samningskröfu.

Hafi samningur um greiðsluáðlögun áður komist á, skal heimilt að endurskoða hann eftir ákvæðum 26. gr. laganna.

SFF eru tilbúin að funda með félags og tryggingamálanefnd til að fara yfir þetta mál ef frekari skýringa er óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Daði Sværriðsson, hagfræðingur